

Reykjavík, 7. mars 2019

## Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið Skrifstofa samgangna

### Efni: Umsögn um „Ferðumst saman“ – Drög að stefnu í almenningssamgöngum.

Samorka fagnar því að í drögum að stefnunni er fjallað sérstaklega um orkuskipti í almenningssamgöngum, þ.e. almenningsvögnum, flugi og ferjum. Tekið er undir að miklar tæknibreytingar undan farin ár gera það að verkum að nú þegar er mögulegt að skipta hefðbundnu jarðefnaeldsneyti út fyrir aðra og umhverfisvænni orkugjafa eða orkugjafa sem beinlíns er mikilvægt að koma í brennslu.

Rafmagnið verður stöðugt fýsilegri kostur í almenningssamgöngum á landi og sjó eins og dæmin sanna og mikilvægt að hið opinbera styðji við innviðauppbýggingu í þessu skyni. Slíkt eykur líkur á því að aðilar fjárfesti í ökutækjum fyrir almenningssamgöngur sem knúin eru rafmagni. Sama má segja um innviði sem þjóna öðrum orkugjöfum eins og vetni og metani.

Rétt er að áréttu að metan fyrir almennan markað er framleitt hjá einu af aðildarfyrirtæki Samorku, Norðurorku á Akureyri auk framleiðslunnar hjá Sorpu sem getið er um í stefnu drögnum. Á Akureyri er nýtt hauggas úr aflögðu haugstæði fyrir heimilis- og iðnaðarsorp. Er því við að bæta að Akureyrarbær hefur fjárfest í þremur metan strætisvögnum sem hafa reynst mjög vel. Hafa þarf í huga að víða um land eru tækifæri til metanframleiðslu og mjög mikilvægt er að fanga hauggas og hreinsa það og koma í brennslu þar sem það er 25 til 30 sinnum skaðlegri gróðurhúslofttegund en CO2 sem verður til við brennslu gassins. Jafnframt því skapast tækifæri til að skipta út innfluttu jarðefnaeldsneyti fyrir eldsneyti framleitt innanlands.

Þá er einnig rétt að áréttu möguleikann á framleiðslu lífdísel sem íblöndunarefni og í því sambandi rétt að minna á þá framleiðslu sem þegar er í gangi hjá Orkey á Akureyri.

Almenningssamgöngur eru mikilvægar en vistvænar almenningssamgöngur enn þá mikilvægari. Framleiðsla og innviðir orku- og veitugeirans eru mikilvæg/ir í þessari þróun og mikil vilji hjá aðildarfyrirtækjum okkar að leggja lóð á þessa vogarskál og taka þátt í þróuninni.

Að öðru leyti vísar SAMORKA til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja.

Virðingarfyllst,

f.h. Samorku  
Baldur Dýrfjörð lögfræðingur